

Opinn íbúafundur hverfisráðs Öxarfjarðar
20.febrúar 2020
Fundur var settur kl 20:00.
Staðsetning Öxarfjarðarskóli

Hverfisráð: Tryggvi Hrafn Sigurðsson, Guðfinna Sigurbjörnsdóttir og Kristín Eva Benediktsdóttir
Fundargerð ritaði: Kristín Eva.

Fundarstjóri Kristján Þórhallur Halldórsson

Dagskrá

Kynning á hverfisráði.

Formaður hverfisráðs Tryggvi Hrafn Sigurðsson kynnti sig, setti fund og bauð fundarmenn velkomna kynnti einnig aðal og varamenn hverfisráðs ásamt því að kynna fundarstjóra Kristján Þórhall Halldórsson.

Kristján Þór sveitarstjóri fór yfir markmið og tilgang hverfisráða og hvernig sveitarstjórn telur að það sé best að nýta þau.

Snjómokstur.

Rætt um hvað betur mætti fara í sambandi við mokstur innan sveitar kerfið virðist vera með of marga milligönguliði, einnig vantar að miðla betur upplýsingum til almennings um hvernig snjómokstri ætti að vera háttað, eins og t.d heimreiðar og hvenær á að vera búið að moka þær. Einnig var rætt um söndun á skólaplani.

Umhverfismál.

Umhirða

Umhirða opinna svæða er almennt mjög ábótavant bæði á Kópaskeri og í Lundi, sýndar voru myndir til rökstuðnings. Mikið var rætt um hvort ætti að loka tjaldsvæðinu í Lundi en það hefur ekki verið slegið síðustu ár þrátt fyrir að vera ennþá auglýst sem tjaldsvæði. Allur sláttur innan Öxarfjarðar þarf að vera innan ákveðins skipulags.

Leikskólasvæðið í Lundi

Útisvæði leikskólans er allt of lítið og þar er aðeins einn sandkassi fyrir 10 börn.

Sundlaugin í Lundi

Mikið var rætt um sundlaugina í Lundi en hún er eina útisundlaug svæðisins ásamt því að vera opin á sumrin fyrir ferðamenn þá er hún líka notuð til að kenna börnum skólasund. Útgangi á svæði sundlaugar er mjög ábótavant.

Flokkunarmál.

Plön þar sem gámar eru geymdir eru ekki alltaf mokuð, gámasvæðið við Þverá er mjög ábótavant, en það er annað hvort ófært vegna snjóa eða leðju.

Önnur mál.

Sólstöðuhátíð

Lotta talaði um sólstöðuhátíðina og óskaði eftir aðilum til að aðstoða við dagskrárgerð.

Lífæren ræktun við Kópasker

Íbúar ósáttir við staðsetningu en þetta er mjög nálægt þorpinu, einnig þarf að kynna þetta mun betur fyrir íbúum svæðisins.

Íþróttaiðkun

Æfingartímar í íþróttahúsinu á Húsavík henta engan vegin fyrir börn af Öxarfjarðarsvæðinu. Þarf einnig að hugsa austur þegar æfingartímar eru skipulagðir.

Fundi slitið 22:20

Guðfinna Sigurð.

Kristín Eva Benediktsdóttir

Triggvi Hrahn Sigurðsson